

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fódri.

1. gr.

Innleiðing.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2010 frá 30. janúar 2010 öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fódri. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64, frá 18. nóvember 2010, bls. 129.

2. gr.

Eftirlit.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

3. gr.

Dvingunarúrræði og viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

4. gr.

Lagastöð.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

5. gr.

Brottfall viðauka og ákvæða.

Við gildistöku reglugerðar þessarar falla eftirfarandi viðaukar og ákvæði brott í reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri:

- a. 11. og 12. viðauki.
- b. Eftirfarandi texti í lokamálslið 5. gr.: „og í 11. viðauka eru orðskýringar“.
- c. Eftirfarandi texti í 17. gr.: „sbr. ákvæði í 12. viðauka“.
- d. 2. gr. reglugerðar nr. 281/2002 um (5.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001.
- e. 3. gr. reglugerðar nr. 740/2003 um (11.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001.
- f. 8. gr. reglugerðar nr. 887/2004 um (15.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 2010.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.